

Ed.

470. Frumvarp til laga

[238. mál]

um eflingu aldurslagatrygginga fiskiskipa.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laga nr. 5 13. febr. 1976 orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útlutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	
a) Almenn deild	15.0%
b) Verðjöfnunardeild	20.0%
c) Áhafnadeild	21.0%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	20.0%
b) Til aldurslagatrygginga til úthlutunar skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	5.0%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Til Fiskveiðasjóðs	16.0%
b) Til Fiskimálasjóðs	0.8%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1.0%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.6%
6. Til samtaka sjómanna	0.6%

Samtals 100%

2. gr.

Við 3. gr. laga nr. 44. 25. maí 1976, bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða: Á árunum 1982 til 1985 skal Fiskveiðasjóður greiða 20% af ríkisframlagi eins og það er ákveðið á hverjum tíma (sbr. c- og d-lið) til aldurslagatryggingar til úthlutunar skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981.

Greinargerð.

Ríkjandi hömlur á fiskveiðum, svo sem takmarkanir á þorskveiðum togara og báta og loðnuveiðum bátaflotans, eru til marks um að sóknargeta fiskiskipaflotans er meiri en svarar til afrakstursgetu fiskstofnanna eins og sakir standa. Augljóslega er dýrt og óhagkvæmt að standa undir rekstri á stærri flota en fiskstofnarnir þola. Á hinn bóginn verður að skapa svigrúm til endurnýjunar, einkanlega á bátaflotanum. Sú leið er nærtækust til þess að draga úr stærð flotans jafnframt því að endurnýjun eigi sér stað að sjá til þess, að meiri sóknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist í endurnýjun.

Mörg úrelt og óhagkvæm fiskiskip eru nú í rekstri. Þegar hefur verið gripið til nokkurra aðgerða til þess að auðvelda útgerðaraðilum að hætta útgerð úreltra skipa. Óhætt mun að fullvörða að reynslan af þeim aðgerðum hafi verið allgóð.

Hins vegar virðist einsvnt að auka heri möguleikana til þess að taka skip úr rekstri með þessum hætti. Fyrir því er þetta frumvarp flutt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auka hlut úreldingarstyrkja í útflutningsgjaldi og tiltekinn hundraðshluti af ríkisframlagi til Fiskveiðasjóðs fari sömuleiðis til þessa verkefnis. Eins og nú háttar til mun það styrkja afkomu útgerðarinnar í landinu að verja auknu fé til úreldingar frekar en til innkaupa á fiskiskipum. Meginatriðið er þó engu síður að skapa með þessum hætti svigrúm til endurnýjunar án þess að fiskiskipastóllinn stækki.

Með samþykkt þessa frumvarps mundu fjárráð til úreldingar rúmlega tvöfaldast. Tekjur af þessum þáttum, sem ráðstafað er til úreldingarstyrkja, færu þannig úr ca. 780 milljónum gkr. í um 1650 millj. gkr.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að hluti útflutningsgjalds til úreldingarstyrkja hækki úr 3% í 5%, en hluti Fiskveiðasjóðs lækki að sama skapi.

Við 2. gr.

Í greininni er Fiskveiðasjóði gert að greiða 20% af framlagi ríkisins til sjóðsins til aldurslagatryggingar fiskiskipa.

Við 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.